

Sp.

14. Fyrirspurn

[14. mál]

til menntamálaráðherra um leiðbeinendur við kennslustörf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margir leiðbeinendur eru nú samtals við kennslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hve margir leiðbeinendur voru ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum og framhaldsskólum á nýbyrjuðu skólaári, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
3. Hvað kenna margir leiðbeinendur samræmdar námsgreinar til grunnskólaprófs?
4. Hefur í einhverjum tilvikum þurft að fella niður lögboðna kennslu í grunnskólum og framhaldsskólum, draga úr námsframboði eða breyta námstilhögun vegna skorts á starfsmönnum og þá hvar og í hve miklum mæli?

Skriflegt svar óskast.